

GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.517.
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.400.
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 5.830.
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.090.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 16. janúar 2003 og staðfestingu bæjarstjórnar 21. janúar 2003 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykja-hreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 15. janúar 2003.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.